

## Hákon Jóhannesson

---

**From:** Hákon Jóhannesson [hakon.johannesson@mi.is]  
**Sent:** 26. janúar 2008 15:40  
**To:** 'food-tech@mi.is'  
**Subject:** Hreinlætisklúbburinn: Viðburðir framundan

Hreinlætisklúbburinn vekur athygli á:

- Kynningarfundur Grand Hótel í Háteig A, mánudaginn 28. janúar kl. 8:30 - 10:00. - Kynntu þér kosti viðskiptasérleyfa (franchising)

Nýsköpunarmiðstöð Íslands og bandaríska sendiráðið standa fyrir kynningarfundum um viðskiptasérleyfi í tengslum við alþjóðlega ráðstefnu sem haldin verður í apríl í Washington, BNA.

Nýsköpunarmiðstöð er í samstarfi við viðskiptaþjónustu Bandaríkjanna vegna ráðstefnunnar og verið er að undirbúa fön sendinefndar íslenskra fyrirtækja og áhugafólks um sérleyfi á ráðstefnunna. Viðskiptaþjónusta Bandaríkjanna mun aðstoða áhugasama við að finna þjónustu og vörur frá Bandaríkjunum á þessari ráðstefnu og getur komið að undirbúningi funda til að ferðin verði sem árangursríkust.

Áætlað er að um 100 aðilar á Íslandi séu með rekstur sem byggir á viðskiptasérleyfi, sem er í raun leiga á viðskiptahugmynd. Viðskiptasérleyfi má nota í næstum hvaða geira atvinnulífsins sem er þegar um er að ræða sölu á vörum og/eða þjónustu.

Allir sem hafa áhuga á að kynna sér kosti viðskiptasérleyfa eða fræðast um ráðstefnuna eru velkomnir á kynningarfundinn.

Nánar: [www.nmi.is](http://www.nmi.is)

- Málþingi að Hótel Selfossi 30. janúar kl. 13:00 - 17:00.

Suðurland bragðast best...lystaukandi fyrirlestrar boðar Vaxtarsamningur Suðurlands og Vestmannaeyja til málþings. <http://www.beintfrabyli.is/>

Markmið málþingsins er að vekja athygli á framboði og nýsköpun í matvælaframleiðslu á Suðurlandi og að hvetja Sunnlendinga til þess að nýta matvæli úr heimabyggð. Þá er átt við heimamenn alla, en ekki síst þá sem stunda veitingarekstur og ferðaþjónustu.

Nánar: <http://www.natturan.is/efni/2079/>

Með bestu kveðju,

Hákon Jóhannesson

\*\*\*\*\*

MATVÆLATÆKNI  
Hamraborg 7  
ÍS 200 Kópavogur  
Sími: 554.52.60  
Farsími: 898.52.61

Bréfsími: 554.52.60  
Netfang: food-tech@mi.is  
www.foodtech.biz  
\*\*\*\*\*